

FRÁ STOFNUN KVENNALISTANS Hafa Þetta verið Baráttumál okkar:

1. Launajafnrétti karla og kvenna
2. Stóraukin framlög til menntunar – og jafnrétti til náms
3. Dagvinnulaun sem duga til framfærslu
4. Raunhæf atvinnusköpun sem byggir á umhverfisvænum smáðnaði,
en ekki stóriðjudraumum

Gömlu flokkarnir hafa haft tækifæri til að breyta og bæta.
Þeir hefðu getað látið verkin tala, en kusu að gera það ekki.
– Hvers vegna ætti það að henta þeim núna?

Kvennalistinn setti forgang þessara mála sem skilyrði fyrir ríkisstjórnarþáttöku eftir
síðustu alþingiskosningar, en það voru hinir sem ekki þorðu...


Hvað með þig?



VERTU MEÐ – VELDU V

kvennalistinn - fréttabréf 4. tbl. 13. árg. 1995

UMBÚ ÐAÐ AUST



KVENNA- LISTI FYRIR KARLA!


Hvers vegna kýst þú Kvennalistann, gerir hann eitthvað fyrir karla? „Hvað ætti ég annað að kjósa? Launajöfnun og kvenfrelsi eru mál málanna. Kvenfrelsið felur í sér frelsi fyrir alla, konur og karla. Kvennalistinn er líka eina stjórnmálaaflið sem vill fæðingarorlof fyrir karla.“

Fyrstu afskipti af pólitík? „Í Háskólanum datt ég inn á lista hjá Röskvu, samtökum félagshyggjufólks í HÍ árið 1990. Við töpuðum illa en hristum upp í félaginu og sigruðum glæsilega 1991.“

Mestu pólitísku vonbrigði síðustu ára? „Össur Skarphéðinsson að selja framtíð námsmanna á Alþingi vorið 1992 fyrir einn silfursleginn ráðherrastól. Vonandi launa stúdentar þessum fyrrverandi formanni Stúdentaráðs svikin í komandi kosningum. Ekki má heldur gleyma að Jóhanna Sigurðardóttir samþykkti Lánasjóðslögin án þess að múkk heyrðist frá henni.“

Er ekki Sjálfstæðum konum vel treystandi til að bjarga kvenfrelsinu? „Sjálfstæðar konur eru besta grín stjórnmálanna lengi. Ég veit ekki hvað þær eru að vilja uppá dekk í flokki sem býður þeim best sæti í kringum 14. Það eina sem þær hafa til málanna að leggja er að gagnrýna konur sem hafa staðið í kvenfrelsisbaráttu fyrir að hafa ekki náð meiri árangri. Þær ættu frekar að byrja á því að stinga upp eigin garð og breyta Sjálfstæðisflokknum.“

KVENNALISTINN – FRÉTTABRÉF
4. tbl. 13. árg. 1995
Ábm. Margrét Sigurðardóttir
Útg. Kvennalistinn
Laugavegi 17 • 101 Reykjavík
Sími: 91-13725
Myndir: Bára



MENNTUN UPPBYGGINGU Í STAÐ NIÐURRIFS

Á síðustu árum hefur sífellt verið skorið meira niður í menntakerfi landsins. Menntakerfið var ekki sérlega vel státt fyrir, en eftir „fagmannlega meðhöndlun“ Ólafs G. Einarssonar og félaga er það rústir einar. Þegar samdráttar varð vart, var það fyrsta hugmynd ríkisstjórnarinnar að skera niður í menntakerfinu. Gengur það þvert á alla skynsemi, sem segir okkur að einmitt við slíkar að stæður sé enn brýnna að hlúa að menntun þjóðarinnar. Það var ekki gert heldur kosið að rífa niður það sem þó var.

Eftir óstjórn síðustu ára er það forgangsverkefni að móta skýrar áætlanir fyrir uppbyggingu menntunar á Íslandi.

Kvennalistinn vill ...

- Byggja upp heildstæða menntastefnu sem samræmist nútíma kröfum.
- Fjölbreytni til náms verði aukin þannig að hæfileikar allra fái notið sín.
- Stórbæta þarf aðstöðu fatlaðra til náms með jafnöldrum sínum í skólum landsins.
- Nemendum gefist kostur á að flýta fyrir sér í námi með því að komið verði á sumarönnum.
- Listiðnaðar- og verkmenntun á fram-

haldsskólastigi verði aukin og veitt verði fjármagni til nýs listaskóla svo hægt verði að hefja rekstur hans!

- Námslán dugi til framfærslu og Lánasjóður íslenskra námsmanna tryggi jafnrétti til náms. Endurgreiðslur lána verði viðráðanlegar og eftirgreiðslum verði hætt.
- Nýbúum verði sköpuð skilyrði til að afla sér menntunar til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins.
- Efla vísinda- og rannsóknarsjóði.
- Í kennslu og skólastarfi verði tekið mið af ólíkri reynslu og þörfum kynjanna.

UMHVERFISMÁL ERU HAGSMUNAMÁL UNGS FÓLKS

Um all langt skeið hefur þróun í matvælaíðnaði fremur stjórnað af hagrænum forsendum en umhverfislegum. Leitast er við að framleiða afurðir fyrir neytendur á sem ódýrasta hátt, oftar en ekki með aðstoð efna og lyfja. Þetta hefur nú þegar huggvið stór skurð í náttúruauðlindir og haft varanleg áhrif á vistkerfi jarðar. Stækkandi hópur neytenda hafnar þessari þróun og lætur sig varða

hvernig afurðir eru framleiddar. Þessir neytendur beina neyslunni í auknum mæli að umhverfisvænum vörum.

HVERJUM ER TREYSTANDI?

Vistvæn ræktun landbúnaðarafurða fellur vel að framtíðarsýn Kvennalistans í umhverfismálum. Þar eru meðal forgangsverkefna skynsamleg nýting auðlinda í anda sjálf-

bærrar þróunar, endurheimt landgæða, flokkun og endurvinnsla sorps, hreinsun frárennslis og gætileg umgengni um viðkvæma náttúru landsins. Kvennalistinn hefur alltaf barist fyrir því að landinu verði skilað til næstu kynslóðar í betra ástandi en það er nú og hvergi hvið frá þeim markmiðum sínum. Kjósendur fá ekki sannari málsvara á Alþingi Íslendinga þegar umhverfisvernd er annars vegar.


LAUNAMISRÉTTI KYNJANNA ER BROT GEGN MANNRÉTTINDUM

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt höfuðáherslu á að afnema launamun kynjanna, því efnahagslegt sjálfstæði kvenna er grundvallarforsenda kvenfrelsis.

Oft heyrast sagt að þetta misrétti komi til af því að karlar hafi meiri menntun en konur. Ný skýrsla Jafnréttisráðs um launamál staðfestir að sú staðhæfing er röng. Launamisrétti kynjanna eykst samhliða aukinni menntun, hvort sem er í ríkis eða einka-geiranum.



Launamunur kynjanna eftir grunnskólapróf*



Launamunur kynjanna eftir háskólamenntun*

ÞESS VEGNA ÞARF KVENNALISTINN AÐ KOMAST Í RÍKISSTJÓRN



KVENNALISTINN ÆTLAR AÐ:

Kvennalistinn ætlar að afnema þetta hróplega óréttlæti meðal annars með því að:

stokka upp launakerfi ríkisins, en það er stærsti vinnuveitandi landsins. Fjölmennustu kvennastéttirnar eru launþegar ríkisins, svo sem kennarar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar ofl.

koma á ókynbundnu starfsmati þannig að störf verði metin eftir eðli þeirra en ekki hvort karlar eða konur vinna þau.

Launamunur kynjanna er mannréttindabrot sem stjórnvöld verða að taka alvarlega.

Þess vegna þarf Kvennalistinn að komast í ríkisstjórn.

Þórunn Sveinbjarnardóttir: 29 ára. Fyrsti formaður Röskvu, samtaka félagshyggjufólks í Háskólanum. Framhaldsnám í stjórnmálafræði í Bandaríkjunum. Bjó á Ítalíu og var síðan hjá EFTA í Genf. Bankastarfsmaður, blaðamaður á Mogganum, hjá Rauða krossinum við að aðstoða vietnamska flóttamenn. Starfskona Kvinnalistasins frá 1992. Í þriðja sæti listans í Reykjavík.

Sigrún: Ég fer auðvitað út í pólitík til að vinna að ákveðnum málum. Ég vil koma málefnum ungs fólks að og ég valdi Kvinnalistan því þar er áhugi og vilji til að breyta hlutunum. Kvinnalistinn hefur haft miklu meiri áhrif en fólk gerir sér grein fyrir.

Þórunn: Að hugsa um pólitík er ekkert annað en að viðurkenna að hlutirnir skipti mann máli. Pólitík er líf manns daginn út og inn, að hafa trú á því að maður geti breytt einhverju sjálfur eða í samvinnu við annað fólk. Þeba: Það fyrsta sem heillaði mig við kvinnalistastarfið var hvað þarna voru skemmtilegar konur. Í dag finnst mér þetta einfaldlega eini listinn sem vit er í. Konur ná sér bara ekki upp í hinum flokkunum. Ég vil sjá konur sem a.m.k. helming frambjóðenda á öðrum listum.

Þórunn: Það veitir líka greinilega ekki af því að koma málefnum kvenna betur á framfæri. Við erum að sjá það svart á hvítu að meðallaun kvenna eru tæp 70% af meðallaunum karla. Það er eins og við séum bara 70% manneskjur.

Þeba: Ef ég gæti nú nýtt mér það til fulls, borgað bara 70% þess sem ég þarf, þá væri þetta fint...

Sigrún: Ég hef nú alltaf lítið á mig sem 120% manneskju. Ég hef verið heppin í gegnum tíðina og ekki verið á neitt lágum launum, kannski af því ég hef verið í „karlastörfum“.

Þórunn: Ég hef orðið vör við það að fólk trúir ekki þessum staðreyndum og það er grafalvarlegt. Hér hafa verið í gildi jafnréttislög í rúm 20 ár og allir ráðamenn hafa haft tækifæri til að breyta en viljann hefur vantað til að taka á þessu af alvöru. Enn er sú hugsun gegnumgangandi að vinna kvenna skipti ekki jafnmiklu máli og vinna karla.

Sigrún: Það þarf að taka til hjá ríkinu áður en hægt er að ætlast til að hinn almenni markaður komi á launajafnrétti. Ríkið á að ganga á undan með góðu fordæmi, framfylgja jafnréttislögunum og koma á ókynbundnu starfsmati. Launamunurinn er mjög slæmt mál en það verður ekkert gert í þessu nema við snúum

bókum saman og gerum þetta sjálfar.

Þórunn: Maður væri reyndar ekki í þessu nema að ætla sér að breyta einhverju. Það er mjög margt sem þarfnast breytinga. Ég vil beina athyglinni að menntamálunum, í fyrsta lagi endurskoðun á Lánasjóðnum. Það þarf að breyta eftirágreiðslunum og skoða endurgreiðslurnar og vaxtaþróset í samhengi við önnur kerfi sem eru í gangi og gagnast engum, s.s. launakerfið og húsnæðiskerfið. Ég er sjálf nýkomin á vinnumarkaðinn, borga af námslánum, er ekki í húsnæðiskerfinu, og það er ekki smuga að ég geti keypt mér íbúð.

Þeba: Launajafnréttið er auðvitað stórmál, en það þarf jöfnuð á fleiri sviðum, t.d. milli fólks úr ólíkum landshlutum. Ég get nefnt sem dæmi húshitunar-kostnaðinn, ég er að borga um 20 þúsund krónur á mánuði fyrir að hita upp íbúðina mína.

Þórunn: Annað sem ég vil leggja áherslu á er neyðarmóttaka fyrir börn sem beitt hafa verið ofbeldi.

Sigrún Stefánsdóttir

28 ára með 2 börn, ungling í fylgd með manningum og 2 ketti. Í 2 sæti

Kvinnalistasins í Norðurlandi-eystra og kosningastýra listans. Hefur unnið við húsamálun, sem

aðstoðarmaður sjúkrahjálpara og verið til sjós.

Kvinnalistakonur börðust á sínum tíma fyrir heyðar-móttöku fyrir fórnarlömb nauðgara og það var stórt skref þegar hún var opnuð. Nú er orðið fúrgangs-verkefni að mínu mati að koma upp hliðstæðri neyðarhjálpara fyrir börn.

Sigrún: Ég hef líka mikinn áhuga á að taka á mismálum, en ætla samt nefna annað, sem eru sjávarútvegsmál. Það þarf að bæta stöðu smábáta-eigenda og koma á jafnrétti þar. Það skelfir mig að kvótinn er að færast á fárra manna hendur. Aldríf byggðalaga er stórmál sem þarf að taka á. Þó það sé að sjálfsögðu miklu meira en að segja það. Peningar ráða nú meiru en byggðahagsmunir og það er að leggja litlu bæina í eyði. Þarna þarf að breyta um áherslur.

Þeba: Vandinn er líka sá hérna á landsbyggðinni að það vantar víða atvinnutækifærin. Ungu fólk fer í skóla fyrir sunnan en hefur svo ekki að neinu að hverfa í heimabyggðinni. Það er t.d. hægt að líta meira á

EINI LISTINN SEM VIT ER Í!

Þeba Björt Karlsdóttir:

22 ára. Fædd í Reykjavík, flutti á Blöndós

17 ára, gekk í MH, lónskólann og loks

Bændaskólann á Hólum. Vinnur í

leikskólanum á Djúpavogi. Á þó ekki barn

sjálf, bara hundinn. Er í öðru sæti

Kvinnalistasins á Austurlandi.

smáíðnaðinn. Kvennasmiðjan hér á Djúpavogi er gott dæmi um hvernig hægt er að vinna úr hugmyndum.

Þórunn: Það er einfaldlega ekki hægt að einblína endalaust á gamlar leiðir, heldur þarf að styrkja nýjungar sem eru í gangi, t.d. upplýsingaíðnaðinn. Kvinnalistinn er eina stjórnmálaaflið sem býður upp á framtíðarsýn sem er í takt við þá framtíð sem býður okkar, s.s. nýsköpun í atvinnuvegunum, og áherslu á umhverfið. Ég vil líka benda á að Kvinnalistinn ástundar nútímaleg vinnubrögð, enginn einn trónir á toppnum heldur dreifist valdið og ábyrgðin. Þetta er í tísku víða í fyrirtækjum núna og kallast gæðastjórnun.

Þeba: Þær leiðir sem Kvinnalistinn er að benda á eru einmitt leiðir til að breyta gömlum viðhorfum. Kvinnalistinn er að fara réttu leiðina í jafnréttismálum og ég minni á að karlar græða auðvitað líka á jafnréttisbaráttunni. Kvinnalistinn hefur komið heilmiklu til leiðar en það er mikið eftir enn. Það er enn full þörf fyrir kvinnalista.